



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 77. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í  
Gömlubúð Hornafirði og fjarfundi,  
3. febrúar 2020, kl. 10:15.**

### Fundinn sátu:

Matthildur Ásmundardóttir formaður svæðisráðs, Friðrik Jónas Friðriksson varaformaður svæðisráðs, Hjördís Skírnisdóttir fulltrúi sveitafélags, Laufey Guðmundsdóttir fulltrúi útivistarfélaga, Sigríður Arna Arnþórsdóttir fulltrúi útivistarfélaga, Snævarr Guðmundsson fulltrúi náttúruverndarsamtaka, Steinunn Hödd Harðardóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar, Hrafnhildur Ævarsdóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar og Sigurður Óskar Jónsson sérfræðingur.

**Fundargerð ritaði:** Steinunn Hödd Harðardóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

### 1. Stjórnunar- og verndaráætlun VJÞ 2020 - 2023 - 1909029

Farið yfir tillögur að breytingum á stjórnunar- og verndaráætlun.

*Tillögur um breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun ræddar. Starfsmönnum Vatnajökulsþjóðgarðs falið að vinna áfram að málinu og leggja fram breytingartillögur fyrir næsta fund.*

### 2. Deiliskipulag - Reynivellir II - Sv. Hornafjörður - 2001041

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir umsögn um deiliskipulagstillögu fyrir Reynivelli II. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að bæta ferðaþjónustu á svæðinu og miða að því að uppbygging ferðaþjónustu nýtist íbúum jafnt og ferðamönnum.

*Svæðisráð fjallaði um deiliskipulag við Reynivelli II. Svæðisráð telur jákvætt að uppbyggingin skyggir ekki á aðkomu í þjóðgarðinn og að verið sé að byggja upp þjónustu sem ekki er fyrir á svæðinu. Aðstoðarmanni þjóðgarðsvarðar (SHH) falið að skrifa umsögn til sveitarfélagsins.*

### 3. Jökulsárlón Umsókn um þróunarleyfi - 1805007

Svifnökkvaferðir ehf. óska eftir að fá að kanna aðra leið út á Jökulsárlón.

*Svæðisráð telur að í ljósi þess að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Breiðamerkursand er ekki tilbúin sé ekki hægt samþykkja þessa beiðni. Svæðisráð mælir með því að Íslenskar svifnökkvaferðir og starfsfólk Vatnajökulsþjóðgarðs leiti að heppilegu svæði á austurbakka lónsins.*

### 4. Jökulsár- og Heinabergslón Umsókn um kayaksiglingar - 2001046

Fyrirtækið Trölliferðir ehf. sækir um leyfi til að hefja kayaksiglingar með ferðamenn á Jökulsárlóni og Heinabergslóni.

*Svæðisráð felur aðstoðarmanni þjóðgarðsvarðar að afla frekari upplýsinga og leggja fyrir næsta fund.*

Fundi slitið kl. 12:30.